

Skráning á viðveru nemenda

1 Skráning á viðveru nemenda

Mikilvægt er að viðvera nemenda sé skráð strax í Innu.

Merkingar sem kennarar nota eru:

- **M** – Ef nemandi er mættur í tíma í skólanum
- **F** – Ef nemandi er fjarverandi.
Áríðandi er að setja F hjá nemendum sem ekki mæta í tíma vegna árekstra í töflu eða ef hann fer úr tíma vegna árekstrar. Fjarvist telur ekki þegar um árekstur er að ræða ef skráð er M í tímann á móti.
- **S** – Nemandi mætir of seint í kennslustund.
- **X** – Ef nemandi fer úr tíma eftir að hafa klárað öll verkefni tímans.
Ekki á að nota X vegna veikinda, heimavinnu eða til að gefa nemendum frí.

Merkingar sem Inna notar þegar kennari skráir forföll/kennslufall samkvæmt VNL-301:

- **O** – Ef kennari skráir forföll vegna veikinda eða annarra þátta en námsmats.
- **N** – Ef kennari skráir kennslufall og velur „Ástæða: Námsmat“
Þegar um er að ræða tíma sem nemandi þarf ekki að vera á staðnum vegna námsmats samkvæmt kennsluáætlun.

Merkingar sem Inna notar þegar skráð eru vottorð vegna veikinda nemenda:

- **V** – Vottorð
- **W** – Foreldravottorð

Aðrar merkingar

- **A** – Nemandi er með árekstur í töflu.
- **G** – Skammtímaleyfi
- **L** – Leyfi
- **H** – Dagskrá á vegum skólanna